

## Erlend áhrif á íslenska tungu

Börn og unglingar

Sóley Rut Þrastardóttir

Hug- og félagsvísindasvið

Lokaverkefni til BA gráðu í Nútímafræði

Félagsvísindadeild

Maí 2015

## Yfirlýsing

„Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.“

---

Sóley Rut Þrastardóttir

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A. – prófs við Hug- og félagsvísindasvið.“

---

Kristín M. Jóhannsdóttir

## Útdráttur

Viðfangsefni þessa lokaverkefnis er að skoða ensk áhrif á íslensku; hversu mikil þau eru og á hverja þau hafa mest áhrif. Einnig verður fjallað um hvað hægt sé að gera til þess að viðhalda íslenskunni á sem bestan hátt.

Orðaforði tungumála er skoðaður sérstaklega; hvernig hann kemur til og hvernig hann þróast. Stærstur hluti ritgerðarinnar er þó helgaður erlendum áhrifum á tungumálið og þá sérstaklega enskum áhrifum. Sjónum er sérstaklega beint að þeim ensku áhrifum sem börn og unglingar verðar fyrir enda eru þau viðkvæmust fyrir utanaðkomandi áhrifum. Barnaþættirnir um Dóru landkönnuð og Diego frænda hennar eru skoðaðir sérstaklega en einnig er fjallað um hina miklu framför í upplýsingatækni; hvort tveggja stuðlar að enskunotkun barna og unglunga. Síðast en alls ekki síst er fjallað um varðveislu tungumálsins og hvað hægt sé að gera til þess að draga úr erlendum áhrifum, slettum og slangri, og hvernig við getum sem best viðhaldið tungunni.

Helstu niðurstöður eru þær að enskan sé allt í kringum okkur og að besta leiðin til þess að verjast áhrifum hennar sé því að fjölga því efni sem í boði er á íslensku. Til dæmis mætti stilla tæki og tól á íslensku og auka þar með líkurnar á því að íslenskan verði notuð í því samhengi fremur en enska. Þá mætti sleppa enskunni í þáttunum um Dóru og Diego enda eru þetta litríkir og skemmtilegir þættir og lærdómsgildið væri enn talsvert þótt þeir yrðu íslenskaðir að fullu. Varðveisla íslenskunnar er mikilvæg og ætti að snerta alla landsmenn; það er enginn einn sem getur viðhaldið tungumáli heillar þjóðar. Landsmenn þurfa að leggjast á eitt og hjálpast að. Þetta gerist ekki á einni nóttu en hvert skref í rétta átt hjálpar.

## Abstract

The subject of this final thesis is to look at the English influence on Icelandic; how great it is and where it has the greatest impact. Also discussed is what can be done to maintain Icelandic relatively unchanged. A language's vocabulary is examined especially; where it comes from and how it develops. The main part of the thesis is however devoted to foreign influences on the language and especially English influences. The focus is particularly directed at the English influence children and adolescents are exposed to as they are sensitive to external influences. Children's programs about Dora the explorer and her cousin Diego are explored as well as the influence from the hugely increased in information technology; both promote the use of English for children and teenagers. Last but certainly not least the preservation of Icelandic is discussed and what can be done to reduce foreign influences, slang and other foreign words, and how we can best maintain the language.

The main conclusions are that English is all around us and the best way to prevent its influence is to increase the content available in Icelandic. For example, devices and tools could be made available in Icelandic and in that way increase the likelihood that Icelandic will be used in that context rather than English. It would be possible to skip the English in the episodes about Dora and Diego since they are colorful and fun and the aspect of learning would still be substantial even if they were completely translated into Icelandic. Preservation of the Icelandic language is important and should touch all citizens; there is no one person who can maintain the language of a whole nation by himself. Citizens need to conspire and help each other. This does not happen overnight, but every step in the right direction helps.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Orðaforði tungumála.....	4
3. Erlend áhrif.....	5
3.1. Slangur, tökuorð og slettur.....	6
3.2. Netíð og snjallsímar.....	8
3.3. Fjölmiðlar.....	10
3.4. Hafa innflytjendur áhrif?.....	11
4. Erlend áhrif á börn og unglunga.....	12
4.1. Barnaefni.....	13
4.2. Enskunotkun á leikskólum.....	15
4.3. Tvítýngd börn.....	16
4.4. Frá foreldraaugum.....	18
4.5. Eru erlend áhrif alfarið slæm?.....	19
5. Að varðveita tungumálið.....	20
5.1. RÚV sinnir íslensku máli.....	21
6. Niðurstöður.....	24
Heimildaskrá.....	26

## 1. Inngangur

Það er hægara sagt en gert að standast tímans tönn í jafn hverfulu umhverfi sem og nútíminn býður upp á. Það er því kraftaverki líkast að tungumálið okkar hafi lifað jafn lengi og raun ber vitni. Þetta er ástæða þess að vert er að skoða það eilítið betur, sem og þau erlendu áhrif sem hafa herjað á það. Einnig er áhugavert að skoða það hvernig við náum að viðhalda íslenskunni í gegnum hraðar breytingar á máli ungs fólks. Auk þess hefur notkun ýmissa tölvuforrita og snjallsíma aukið notkun Íslendinga á ensku og ekki er hægt að fjalla um tungumálið okkar án þess að nefna sjónvarpsefni þar sem mikill fjöldi Íslendinga horfir á sjónvarp á hverjum einasta degi. Hér á landi eru barnaþættir sem kallast Dóra og Diego mjög vinsælir þar sem tveimur tungum er samviskulaust blandað saman en þannig er verið að stuðla að enskunotkun ungra barna.

Íslenska þjóðin er mjög lítil og því er það ríkt hjá henni að fara eftir fordæmum annarra þjóða; á þetta því miður einnig við um tungumálið okkar. Til að auðvelda samskipti okkar á milli höfum við tamið okkur að nota erlend orð í stað íslenskra. Hröð tækniþróun veldur því að ekki næst að íslenska öll þau erlendu orð sem hingað koma. Það er afar mikilvægt að viðhalda íslenskunni og þrátt fyrir að enskan sé töluð á lengflestum stöðum í heiminum þá þurfum við ekki að taka þátt í því. Þurfum við að hafa áhyggjur af auknum áhrifum ensku á íslensku? Á hverja hefur enskan mest áhrif?

Ég byrja á því í öðrum kafla að fjalla um orðaforða tungumála, hvaðan hann kemur og hvernig hann verður til. Í þriðja kafla fjalla ég um erlendu áhrifin á tungumálið og hversu mikil þau eru, hvaðan þau koma helst og á hverja þau hafa mestu áhrifin. Þar eru fjórir undirkaflar; í 3.1 er fjallað um slangur, nýyrði og tökuorð, hvaðan þau koma og hvernig þau eru notuð. Einnig eru þar tekin ýmis dæmi um orð sem falla undir þessa flokka. Í 3.2 er fjallað um netið, áhrif þess á tungumálið og hverjir það eru sem nota netið mest. Í 3.3 snýr umfjöllunin að fjölmiðlum og málfari í skrifuðum fréttum. Að lokum, í 3.4, fjalla ég um innflytjendur, stöðu þeirra í samfélaginu og hvort áhrif þeirra á tungumálið okkar séu einhver. Þar á eftir í fjórða kafla einbeiti ég mér að erlendum áhrifum á börn og unglinga og fjalla til að mynda um snjallsíma- og internetnotkun. Kafli 4.1 fjallar um erlend áhrif frá barnaefni; Dóru landkönnuð og frænda hennar Diego. Þar á eftir, í kafla 4.2, tek ég fyrir enskunotkun á leikskólum út frá þeim

upplýsingum sem ég aflaði. Í kafla 4.3 tala ég um tvítyngd börn og þar er einnig fjallað um viðtal við Árnýju Ösp, en hún á tvær dætur með írskum manni. Kafla 4.4 fjallar um enskúntkun barna frá foreldraugum. Síðast en ekki síst í kafla 4.5 fjalla ég um hvort erlend áhrif séu alfarið slæm. Í fimmta kafla sný ég mér að íslenskunni og varðveislu hennar. Þar er sérstaklega fjallað um RÚV í 5.1 og þátt þess í að stuðla að íslenskúntkun. Þar er einnig fjallað um Sjónvarpsþættina Orðbragð og Eirík Rögnvaldsson. Í sjötta kafla er efnið tekið saman og niðurstöður ræddar.

## 2. Orðaforði tungumála

Tungumál heimsins eru mörg og fjölbreytt og ekkert þeirra er alveg eins þó svo að ýmis tungumál séu vissulega lík, en það er vegna þess að þau eru runnin af sama stofni. Í þeim tilfellum er um að ræða tungumál af sömu málaætt og því af sama uppruna.

Tungumál eru samskiptatæki og nauðsynleg til þess að við skiljum hvert annað. Þau verða til vegna þarfa fólksins á samskiptum sín á milli og þannig þróast málin eiginlega sjálfkrafa. Enska er dæmi um tungumál sem talað er í fleiri en einu landi, en hún er til dæmis móðurmál flestra á Bretlandi, Írlandi, í Bandaríkjunum og víðar. Enskan er samt töluð á mjög mismunandi vegu þar sem mállýskur eru mismunandi eftir svæðum og samfélagshópum (Þorsteinn Vilhjálmsson, 2006).

Öll tungumál hafa sinn eigin orðaforða en orðaforði tungumáls merkir einfaldlega öll þau orð sem notuð voru á einhverju tímabili og því er það útilokað að við þekkjum þau öll eða finnist þau kunnugleg. Sem dæmi má nefna sögu íslenska orðaforðans, en hún er talin hafa hafist á 9. öld þegar landið okkar var numið (Guðrún Kvaran, 1996).

Fyrstu aldirnar eftir landnám voru aðal heimildir íslenska orðaforðans í kveðskapnum, því það var ekki fyrr en á síðari hluta 12. aldar, á ritöld, sem hafist var handa við að skrifa allt niður. Þessar bækur eða rit eru heimildir okkar fyrir því hvernig tungumálið var á ritöld, það er að segja upp að því marki sem ritað var niður, þar sem margt varðveittist eingöngu í munnlegri geymd (Guðrún Kvaran, 1996).

Samkvæmt samanburði sem gerður var á ungum ritum og fornum er grunnorðaforðinn, það er að segja algengustu orð málsins, enn sá sami og hann var áður. Breytingarnar á tungumálinu eru ekki eingöngu utanaðkomandi en þau eru einnig vegna þjóðfélagsbreytinga. Sífelld þróun í samfélaginu veldur því að orðaforði okkar breytist. Með netvæðingunni komu inn ensk heiti tengd þeirri þróun og íslensk heiti urðu til; til dæmis hafa mörg orð tengd Facebook bæst í orðaforðann í dag (Guðrún Kvaran, 1996).

Langflestir landnámsmennirnir á Íslandi voru af norrænum ættum, sérstaklega frá Noregi, og þar af leiðandi var orðaforðinn að sjálfsögðu að langmestu leyti norrænn. Tökuorðin voru afskaplega fá en þau voru samt sem áður einhver, bæði úr öðrum germönskum málum og keltnesku. Þarna var bæði um að ræða mannanöfn og nafnorð á borð við *akkeri*, *kista*, *tafl* og *dúkur* (Guðrún Kvaran, 1996). Þegar víkingarnir voru á



ferðalagi lærðu þeir ný orð sem þeir tóku með sér heim; meðal annars orð sem við notum enn í dag, til dæmis *torg*, sem er komið úr rússnesku, *fill* úr persnesku og *úlfaldi* sem rekja má bæði til latneska orðsins *elephantus* og gríska orðsins *eléphas*, en það kemur virkilega á óvart þar sem enska heitið *elephant* þýðir fill (Guðrún Kvaran, 1996).

### 3. Erlend áhrif

Íslenska þjóðin var undir stjórn Danaveldis frá 1380 en þeir einokuðu landið þannig að lengi vel voru mestu samskipti okkar við Dani. Danska hafði því heilmikil áhrif á íslenskuna og talið var að íslenskan myndi deyja út og Íslendingar tækju upp dönsku. Fjöldamörg orð af dönskum uppruna eru enn í málinu þótt sum þeirra séu fyrst og fremst notuð á meðal eldra fólks. Þar má til dæmis nefna tökuorðið *brillur* fyrir gleraugu (d. *briller*) og fleiri mætti telja.

Í dag er það hins vegar ekki danskan sem hefur hvað mest áhrif á íslensku heldur enska. Þrátt fyrir að kínverska sé það mál sem flestir tala að móðurmáli, eða um það bil fjórðungur íbúa á jörðinni, er það enska sem er útbreiddasta tungumál heims. Til dæmis er það orðin krafa í flestum afgreiðslustörfum hér á landi að hafa gott vald á ensku, en hér býr margt erlent fólk og margir ferðamenn koma til landsins (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, e.d.; Guðrún Kvaran, 2001).

Við búum í þannig samfélagi að flest allt sjónvarpsefni er á erlendum tungumálum og eingöngu textað. Mestmegnis er þetta efni á ensku en einnig til dæmis á dönsku og sænsku, en þar er RÚV fremst í flokki. Erlent efni hjá Stöð 2, Skjá einum og Bíórásinni er nánast eingöngu á ensku, en allt erlent efni er textað. Margir eru hins vegar farnir að hala niður ýmsum þáttum og kvikmyndum af netinu og þá yfirleitt ótextuðu og hlusta því mun betur eftir því sem sagt er í stað þess að geta einfaldlega lesið íslenskan texta. Við fáum enskuna næstum því beint í æð frá umhverfi okkar, námsbækur í skólum eru í meira mæli á ensku, mikið magn þess sem við skoðum á netinu er á ensku, jafnvel á dönsku, og einnig eru börn snemma farin að læra á spjaldtölvur og spila erlenda leiki í þeim. Flestir þeirra eru á ensku. Enskan herjar á okkur úr öllum áttum; íslenskan þróast

hratt í átt að enskunni, og það getur verið erfitt að blanda henni ekki inn í íslenskuna og þannig menga tungumálið okkar (Eiður Guðnason, 2002).

Bókalestur er ekki mjög framarlega á lista hjá fólki í dag; flestir nota allan sinn frítíma í snjallsímum eða tölvum, hvort sem það er til að vafra um internetið, skoða Facebook eða horfa á þætti eða kvikmyndir. Það hefur aldrei verið leiðinlegra að verja tíma með vinum sínum þegar þeir geta ekki litið upp úr símunum í örskamma stund. Með þessu hefur verið búinn til nýr leikur þegar stefnan er tekin á skemmtanalífið; ýmist er öllum símum safnað í skál eða þeim raðað hverjum ofan á annan og sá fyrsti sem snertir símann sinn þarf að kaupa drykk fyrir alla. Með allri þessari snjallsímanotkun virðist tilfinningin fyrir málinu fara versnandi hjá mörgum; það þarf ekki nema að lesa uppfærslur á Facebook til að sjá það. Slangur og slettur sjást alltof víða.

### **3.1. Slangur, tökuorð og slettur**

Enskan virðist hafa mest áhrif á yngri kynslóðirnar en það eru einmitt þær kynslóðir sem eru fæddar inn í þessa tækniöld og komast ekki hjá því að finna fyrir áhrifum hennar. Í mörgum grunnskólum er börnum kennd enska strax í sex ára bekk en þau læra hana mun fyrr út frá alls kyns leikjum og byrja því snemma að tala hana. Spjaldtölvur eru keyptar í mun meira mæli og í þeim er hægt að sækja alls kyns leiki fyrir flest alla aldurshópa. (Landpósturinn, 2001a).

Munurinn á slettum og slangri er ekki mjög mikill en hann liggur í því að sletta er orð eða orðasamband sem hefur hvorki aðlagast hljóð- né beygingarkerfinu okkar en slangur aðlagar sig að beygingarkerfinu og er þar af leiðandi viðurkenndara. Tökuorð eru hins vegar orð sem við gerum að okkar eigin og þar af leiðandi passa þau inn í bæði hljóð- og beygingarkerfið; mörg þeirra eru úr ensku og dönsku, og reyndar einnig úr fleiri tungumálum (Guðrún Kvaran, 2002).

Ekki er vitað hversu lengi slanguryrði hafi verið til vegna þess að öll gögn sem til eru frá fyrri öldum eru á prenti og slangrið komst aldrei þar inn. Slanguryrði endurnýja sig hratt og orð sem voru notuð fyrir tíu árum eru ekki endilega mikið notuð í dag og eru jafnvel horfin úr málinu (Guðrún Kvaran, ágúst 2004).

Slangur og slettur eru mismunandi eftir hópum, eftir aldri, atvinnu og áhugamálum svo dæmi séu nefnd. Í daglegu máli heyrast slettur víða, ekki eingöngu hjá unglíngum heldur einnig hjá þeim fullorðnu. Sem dæmi má nefna: „Ég fór í *party* í síðustu helgi og *gæinn* var bara *all over the place*, hann *flörtaði* við allt og alla“. Auðvelt er að finna fjölda sambærilegra dæma úr daglegu máli:

- a. *Osom* (e. awesome) í staðinn fyrir *frábært* eða *æðislegt*
- b. *Þetta sökkar* (e. this sucks) í staðinn fyrir *þetta er ömurlegt* eða *glatað*
- c. *Djók* (e. joke) í staðinn fyrir *grín*
- d. Bara *tjekka* (e. just checking) í staðinn fyrir *að athuga*
- e. *Ó mæ gad* (Oh My God) í staðinn fyrir *Guð minn góður* (*Guð minn almáttugur*)
- f. *Wadd/Waaat?* (e. what?) í staðinn fyrir til dæmis *Hvað?*
- g. *Olræd/Aiit* (e. alright) og *Ókei/Ok* (e. okay) í staðinn fyrir *Allt í lagi*
- h. *Tattoo* í staðinn fyrir *húðflúr*
- i. *Kósý* (e. cosy) í staðinn fyrir *huggulegt*

Orðið *Leim* (e. lame) má oft heyra en orðið virðist hafa tekið upp nýja merkingu, ekki bara í íslensku, þar sem það er notað í staðinn fyrir *asnalegt/-ur*, *lélegur*, *glataður* eða *fáránlegur* þegar upprunaleg merking orðins er; *fatlaður*, *máttlaus*, *bæklaður* eða ósannfærandi samkvæmt netorðabókinni *Snara*.

Netið og tæknin hafa komið með fjöldann allan af slangri og slettum inn í tungumálið sem koma í stað íslensku heitanna, þar af eru mörg þeirra tengd Facebook. Sem dæmi má nefna

- a. *Chat* í staðinn fyrir *spjall*
- b. *Friend request* í staðinn fyrir *vinabeiðni*
- c. *Message* í staðinn fyrir *skilaboð*
- d. *Add* á Facebook (e. add friends) í staðinn fyrir *senda vinabeiðni*
- e. *Browser* í staðinn fyrir *vafri*
- f. *Password* í staðinn fyrir *lykilorð*
- g. *Username* í staðinn fyrir *notandanafn*
- h. *Follow-a* (á twitter og instagram t.d.) í staðinn fyrir *að fylgja*
- i. *Profile-mynd* í staðinn fyrir *forsíðumynd*

- j. *App* í staðinn fyrir (*smá*)forrit
- k. *Notification* í staðinn fyrir *tilkynning*
- l. *Update-a* í staðinn fyrir *uppfæra*

Skammstafanir eru margar í enskunni líkt og í íslenskunni en þó virðist sem þær ensku séu fólki kunnugri; *ASAP, LOL, ROFL, WTF, BFF, FTW* og *BRB* svo dæmi séu nefnd. Skammstafanir ólíkar eins og þær eru margar, mismunandi hópar hafa sínar skammstafanir, oft búnar til í samráði við aðra hópsmeðlimi, og þá getur verið erfitt fyrir utanaðkomandi aðila að skilja við hvað er átt. Týnda Kynslóðin er þáttur sem sýndur var á Stöð 2. Í þætti sem sýndur var í apríl 2012 fór annar þáttastjórnenda Þórunn Antonía í Kringluna og spurði fólk hvort það þekkti ákveðnar skammstafanir. Þær skammstafanir sem um ræddi voru: Mbl (Morgunblaðið), ÍTR (Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkur), DV (Dagblaðið Vísir), SS (Sláturfélag Suðurlands), þ.a.l. (þar af leiðandi), t.h. (til hægri) og m.ö.o. (með öðrum orðum). Þetta eru vissulega auðveldar skammstafanir, eða þær ættu að vera það, en fæstir þeirra sem spurðir voru vissu hvað þær þýddu; tveir þekktu m.ö.o., enginn þekkti þ.a.l. og t.h., og einungis einu sinni fékkst rétt svar við fyrstu fjórum skammstöfununum (Stöð 2, 2012).

### **3.2. Netíð og snjallsímar**

Áður fyrr komu erlendu orðin fyrst og fremst inn í málið með kristnum þýðingum og erlendum kaupmönnum. Á okkar dögum hefur hins vegar tæknin þróast ört og sífellt verður meiri þörf á nýjum orðum þar að lútandi. Netíð er til dæmis orðið stór hluti af daglegu lífi fólks og m.a. notar skólafólk það í miklum mæli við lærdóm; til dæmis við að skrifa ritgerðir og vinna ýmis konar heimildavinnu. Í háskólum landsins fer mest allt efni milli kennara og nemenda í gegnum netíð og liggja það niðri, eins og stundum gerist á óheppilegustu tímum, er ýmislegt sem raskast og veldur óreiðu. Við höfum tröllatrú á netinu og ef hlutirnir gerast ekki strax er hætta á óðagoti. Svo virðist sem við treystum of mikið á netíð í dag og alltof margir virðast ekki geta lifað án þess, hvort sem það er í sambandi við skóla, fréttamiðla eða eitthvað annað.

Snjallsímar eru sjáanlegir hvert sem litið er og allt of margir virðast ekki geta án þeirra verið. Þeir spila stóran þátt í lífi fólks og það hefur aldrei verið auðveldara að tengjast umheiminum. Þrátt fyrir það hve mikið símarnir auðvelda samskipti heimshorna á milli og henta vel fólki sem þarf að vera tengt netinu allan sólarhringinn vegna vinnu sinnar þá er þróunin líka slæm. Fólklítur varla uppúr símunum, hvort sem það er meðal fólks eða ekki sem veldur því að fólk talar minna saman. Nú til dags er varla hægt að fara í bíó, út að borða eða gera nokkurn skapaðan hlut án þess að hafa símann alltaf við höndina til þess að missa örugglega ekki af neinu.

Vinsæll veitingastaður í New York fékk slæma umfjöllun sökum hægrar þjónustu sem þeim fannst ekki passa. Þeir réðu því fólk í að rannsaka þetta mál. Þeir báru saman myndbandsupptökur frá árunum 2004 og 2014. Niðurstöðurnar koma heldur betur á óvart. Það að fara út að borða tekur mun lengri tíma en áður; árið 2004 var meðaltíminn rétt rúm klukkustund. Fólk settist niður, opnaði matseðilinn og tók sér að meðaltali átta mínútur í að ákveða hvað það vildi. Þegar máltíðinni var lokið kom þjónninn með reikninginn, um það bil fimm mínútum síðar höfðu viðkomandi yfirgefið staðinn. Árið 2014 er sagan orðin allt önnur og breytingarnar undraverðar. Það fyrsta sem fólk gerir þegar það er sest er að taka upp símana; sjö af hverjum 45 viðskiptavinum fengu aðstoð hjá þjóni við að tengjast þráðlausa netinu. Þjónninn er að meðaltali sendur í burtu tvisvar sinnum því viðskiptavinurinn er ekki tilbúinn að panta, pöntunartíminn er þá að meðaltali 21 mínúta. Þegar maturinn kemur tekur það að meðaltali þrjár til fjórar mínútur að taka mynd af matnum, taka mynd af vinunum með sinn mat og stundum þarf að taka fleiri en eina. Níu af hverjum 45 viðskiptavinum senda matinn til baka því hann er orðinn kaldur eftir myndatökurnar og 27 af 45 biðja þjóninn að taka hópmynd (14 af þeim biðja um nýja því fyrsta myndin var ekki nægilega góð). Heildartími er þá kominn upp undir tvær klukkustundir. Á leið sinni út voru nokkrir sem löbbuðu á annað fólk því það var að senda skilaboð og labba á sama tíma (Maia McCann, 2014).

Þeir sem eiga snjallsíma eru nánast undantekningarlaust allir með Facebook forritið í símunum sínum og fá tilkynningar beint í símana. Facebook er stór partur af lífi flestra og margir byrja daginn á því að athuga hvað sé að gerast í umheiminum. Netíð truflar marga í lærdómi og endalaust kvartar fólk yfir að vera fast þar inni, ýmist að skoða Facebook eða fréttamiðla. Fréttir eru út um allt í kringum okkur, hvort sem það er á

netinu eða í blöðum. Starfsfólk í fjölmiðlum vinnur að því að reyna að koma efni sínu til sem flestra; Facebook er til dæmis mikið notað í þeim tilgangi (Frosti Jónsson, 2012).

### 3.3. Fjölmiðlar

Eins mikilvægar og fréttir eru fyrir landsmenn virðist sem málfari fjölmiðla hafi hrakað. Mörg dæmi eru til um það að innihald fréttar komist ekki til skila sökum málfarsvillna og oftar en ekki gefur titill villandi mynd af innihaldi fréttar eða greinar. Það eitt að setja saman setningu virðist flækjast fyrir mörgum og þetta kemur ekki bara fyrir hjá minni miðlunum þar sem aðsendar greinar eru margar, heldur hefur það sést skammarlega oft á vísir.is svo dæmi sé nefnt. Oft virðist gleymast að beygja fyrri og seinni hluta setningar þannig að þeir passi saman; sem dæmi má nefna eftirfarandi setningu úr Ríkisútvarpinu: „Leitt hefur verið líkum að því...“ og aðra af Stöð 2: „Endanleg ákvörðun hefur verið frestað“. Það væri því ekki vitlaust að láta alla fréttamenn taka eins og einn til tvo áfanga í íslensku áður en þeir fá vinnu; það hefur sýnt sig að nemendur í fjölmiðlafræðinni þurfa margir hverjir á því að halda (Eiður Guðnason, 2002; Blaðamannafélag Íslands, 2009).

Það getur haft slæm áhrif á börn og unglinga að lesa illa skrifaðar fréttir sem innihalda hinar ýmsu málfars- og stafsetningarvillur því þau læra það sem fyrir þeim er haft; gerum við það ekki flest? Börn tala misrétt en það er auðvitað foreldranna að sjá til þess að þau tali sem réttast. Rétt eins og það er hlutverk ritstjóranna að sjá til þess að þær fréttir sem skrifaðar eru séu vel upp settar, vel skrifaðar og lausar við málfars- og stafsetningarvillur. Það virðist ekki alltaf ganga eftir og líklega hefur það með vankunnáttu ritstjóra í íslenskri tungu að gera. Fjölmiðlar og þeir sem þeim tengjast ættu að vera ofarlega á lista yfir þá sem hafa bestu íslenskukunnáttuna og geta skrifað fræðilegan og flottan texta án mikillar fyrirhafnar (Eiður Guðnason, 2002; Landpósturinn, 2007b; Blaðamannafélag Íslands, 2009).

Það að lesa mikið af illa stafsettu efni getur haft áhrif á minni einstaklings og einstaklingur sem áður þótti virkilega góður í íslensku gæti farið að skrifa orðin rangt því í minningunni eru þau þannig skrifuð. Börn sem vafra mikið um á netinu læra því jafnvel aldrei rétta stafsetningu sumra orða, þar sem þau eru ekki einu sinni rétt stafsett í

fréttunum. Þetta getur líka haft áhrif á innflytjendur sem eru að læra íslensku enda fréttablöðin tilvalin leið til þess ef áhuginn er fyrir hendi.

### 3.4. Hafa innflytjendur áhrif?

*„Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur“* (Morgunblaðið, nóvember 2014).

Tatjana Latinovic flutti erindi á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar árið 2004, þegar hún hafði búið hér í 10 ár. Hún er Serbi frá Króatíu en á íslenskan mann. Strax á þriðja degi skráði hún sig á íslenskunámskeið og síðar á framhaldsnámskeið. Hún hellti sér í að læra málið því hún ætlaði sér ekki að vera enn að sækja námskeið 10 árum seinna. Hún fór í íslensku fyrir erlenda stúdenta í Háskóla Íslands og lærði einnig um sögu landsins og menningu. Eftir að hún útskrifaðist tók hún að sér að miðla þekkingu sinni á tungumáli og sögu landsins; hún kenndi flóttamönnum frá Júgóslavíu eitt sumar og fékk síðar vinnu hjá Össuri hf. þar sem hún hafði unnið í sex ár. Manninum hennar fannst íslenskan hennar versna hjá Össuri því hún blandaðist við hina Íslendingana (Tatjana Latinovic, 2004).

Um leið og innflytjendurnir eru farnir að tala íslensku af einhverju viti köllum við þá Íslendinga samkvæmt Tatjönu, svo sterk finnst henni tengingin vera á milli þjóðvitundar og tungumáls vera. Hérlandis eru í dag rúmlega 27 þúsund innflytjendur eða um 6,5% af heildarfjölda þjóðarinnar. Í byrjun 2014 voru Pólverjar fjölmennastir eða um 36.9% innflytjenda. Flestir innflytjendur, að Pólverjum undanskildum, koma frá Taílandi, Filippseyjum, Litháen og fyrrum Júgóslavíu (Morgunblaðið, nóvember 2014; Tatjana Latinovic, 2004)

Tatjönu finnst innflytjendur ekki hafa nein sérstök áhrif á tungumálið okkar nema þá að þeir gætu hjálpað okkur að varðveita íslenskuna sem væri gott því Íslendingum er afar annt um tungumálið. Hún segir okkur frekar hafa áhrif á innflytjendurna, þeir taki upp okkar menningu og tungumálið okkar en það sé hættu á að þeir sem ekki ná góðu valdi á íslenskunni verði flokkaðir sem „annars flokks“ íbúar. Ef íslendingar vilja fá

innflytjendurnar til þess að læra tungumálið þá þarf að bæta framboð á námskeiðum en það er hægara sagt en gert að sækja námskeið í íslensku og þá enn erfiðara á landsbyggðinni. (Tatjana Latinovic, 2004).

#### 4. Erlend áhrif á börn og unglunga

Samkvæmt John Locke fæðast börn sem óskrifað blað og lífið mótast svo einstaklinginn (Schouls, Peter, 2008). Vitsmunalegir þættir þroskast mest frá vöggju fram til fjögurra ára aldurs en sá tími kallast næmiskeiði hjá börnum þar sem þau læra tungumálið hvað hraðast. Í kringum tveggja ára aldurinn er talþroski barna óvenju hraður en eigi börnin að læra tungumál verða þau að vera virkir meðlimir í samfélaginu. Einangrun fyrstu fjögur árin getur ollið því að þau öðlist í raun ekkert móðurmál og eiga mun erfiðar með að læra málið.

Unglingar eru margir hverjir, ef ekki flestir, komnir með snjallsíma í hendurnar og þar af leiðandi komnir með aðgang að þeim forritum sem þeim fylgir, til dæmis Facebook, Instagram, Snapchat og Twitter. Unglingarnir eru alls ekki einir um það að nota öll þessi forrit, en margt fólk liggur yfir sínum sínum tímum saman. Unglingarnir eru þeir sem verða fyrir mestum áhrifum frá enskunni enda nota þeir málið mikið í daglegu lífi. Fullorðið fólk nær betur að aðskilja ensku og íslensku en margir nota enskuna mikið í vinnunni. Unglingar virðast ekki einu sinni geta verið án símanna á meðan á skóla stendur; kennarar standa í ströngu við að gera síma upptæka. Það að geta verið tengdur netinu hvar sem er og hvenær sem er hefur sína slæmu hliðar en sífellt fleiri virðast þjáast af fómophobíu; þ.e. hræðslu við að missa af einhverju, svo sem samkomum, viðburðum og því sem er að gerast í umheiminum (Urban Dictionary, 2013).

Linda Björk Markúsardóttir er talmeina- og íslenskufraeðingur. Hún skrifaði grein sem ber titilinn „Ég kann þetta ekkert á íslensku“ og birtist nýverið í Fréttablaðinu. Linda vinnur mikið með börn og unglunga; hún kannar málkunnáttu þeirra og orðaforða. Það kom henni verulega á óvart hversu algengt það er að börn kunna ekki almennan grunnorðaforða í íslensku. Sem talmeinafraeðingur notast hún við myndir og börnin eiga síðan að segja frá því hvað er á myndunum. Í upphafi hélt hún að drengur sem kom til hennar væri einstakt tilfelli þar sem hann notaði *pencil* fyrir blýant, *ræno* fyrir



nashyrning og *hippó* fyrir flóðhest, en annað kom á daginn því að mun fleiri börn kunnu ekki íslensku orðin. Linda segir þetta mest áberandi hjá 9-16 ára börnum en hún talaði við talmeinafræðing sem vinnur mest með leikskólabörnum og þar er sama sagan; börn niður í þriggja ára aldurinn. Það er alveg ótrúlegt hvernig þetta getur gerst hjá börnum sem eiga íslenska foreldra og búa í íslensku samfélagi. En svarið við því er afar augljóst; þetta gerist með tækni og tölvum, þar sem flest allt er á ensku. (Anna Sigríður Þráinsdóttir, 2015).

Foreldrarnir verða að tala við börnin sín og spyrja spurninga en ekki bara láta spjaldtölvuna eða sjónvarpið sjá um uppeldið. Það þarf að efla orðaforðann og kenna börnunum að tala rétt. Kennarar taka einnig þátt í máluppeldi barna en þeir hafa fjölda tækifæra til að hjálpa börnum að þróa orðaforða og skilning í tungumálinu. Samfélagið á sinn þátt í þessu öllu; við þurfum að standa saman í máluppeldinu. Samfélagið er eins og líkaminn, öll líffærin þurfa að starfa saman til að halda líkamanum gangandi. Tæknin má ekki ráða lögum og lofum þannig að íslenskan missi mátt sinn, en snemma er börnum kennd enska ýmist í gegnum spjaldtölvur eða barnaefni. Sem dæmi má nefna þættina um Dóru og Diego sem nánar verða ræddir í næsta kafla (Anna Sigríður Þráinsdóttir, 2015).

#### **4.1. Barnaefni**

Meirihluti barna landsins hefur þau forréttindi að fá að horfa á barnaefni, hvort sem það er sýnt í sjónvarpinu eða er til á spólum. Það efni sem sýnt er í sjónvarpi er talsett yfir á íslensku sem hjálpar til við að varðveita tungumálið. Hins vegar eru þættirnir um *Dóru landkönnuð* og *Diego* meðal vinsælasta sjónvarpsefnis í dag en í þeim báðum er bland af íslensku og ensku. Dóra er lítil stelpa sem á apann *Klossa* fyrir besta vin og Diego er frændi hennar. Hann og systir hans Alexia bjarga dýrum. Þessir þættir virkja börn í að fylgjast með og „hjálpa“ þeim að leysa hin ýmsu verkefni en stundum er þess krafist að börnin segi ákveðin orð, ýmist á íslensku eða ensku. Nokkrar persónur í þáttunum tala eingöngu ensku.

Nickelodeon framleiðir þættina en upphaflega átti Dóra að heita Tess. Valerie Walch Valdes og Chris Gifford fengu tækifæri til að gera sinn eigin sjónvarpsþátt, um litla stelpu sem ætti marga dýravini og kannaði hina ýmsu staði. En stjórnendur fyrirtækisins

höfðu aðrar hugmyndir eftir fund þar sem fjallað var um hversu mikill minnihlutahópur(e. Underrepresented) fólks af rómversk-amerískum uppruna sæst í sjónvarpi. Vandamálið var að hvorki Valdes né Gifford voru tvítyngd. Þau réðu því til sín aðstoðarfólk og úr því fæddist *Dora the Explorer*, tvítyngd á ensku og spænsku. Þættirnir um hina sjö ára gömlu Dóru voru svar Nickelodeon við skorti á jákvæðum hlutverkum fólks af rómversk-amerískum uppruna. Þættirnir áttu upphaflega ekki að kenna börnunum spænsku heldur áttu þeir að segja sögu af litlu tvítyngdu stelpunni sem ferðaðist á hina ýmsu staði og Dóra átti að vera heillandi. Framleiðendurnir nýttu sér það þó að börnum þykir skemmtilegt að læra eitthvað nýtt (Soto, Roxana A., 2009).

Dóra landkönnuður og Klossi vinur hennar hjálpast að við að leysa hinar ýmsu þrautir sem verða á vegi þeirra. Þessir þættir virkja börnin og fá þau til að „hjálpa til“ við að leysa vandamálin svo Dóra og Klossi komist á áfangastað. Persónur þáttanna tala ýmist ensku eða íslensku sem verður til þess að börnin eru beðin að segja orð á ensku, sem dæmi má nefna *open* þegar opna þarf hlið, *push* ef að eitthvað er of þungt eða *Good morning* þegar talað er við erlenda persónu. Í þáttunum eru ýmsar spurningar, börnin þurfa að leita að hlutum eftir formi og lit og hjálpa Dóru og Klossa að telja.

Lærdómsgildið í því er gilt eitt og sér og það þarf ekki endilega að blanda ensku inn í þættina.

Það á ekki að þykja undarlegt að vera tvítyngdur og það er partur af tilgangi þáttanna að sýna það þó það geti þótt skrítið að stelpa af rómversk-amerískum uppruna tali ensku og íslensku. Þó svo að börnin hugsi eflaust lítið um það. Tungumálið er hins vegar óþörf blanda inn í þessa þætti, orð sem börnin skilja ekki eru notuð og tveimur tungum blandað saman í gríð og erg. Tvítyngd börn blanda yfirleitt ekki tungumálunum saman, þau nota það tungumál sem á við hverju sinni. Um það verður nánar fjallað í 4.3. Dóra er tvítyngd en hún er andstæða við önnur tvítyngd börn þar sem hún talar bæði íslensku og ensku við íslenska persónu og blandar tungumálunum endalaust saman. Sem dæmi má nefna fjallageit sem fram kemur í einum þættinum. Dóra segir við hana „With your permission herra geit, má ég taka mynd af þér?“ Þegar myndin er komin þakkar Dóra fyrir sig á ensku og geitin svarar „You’re welcome“. Það má vel biðja börnin um að segja einstaka orð líkt og nefnd voru ofar og þannig kenna þeim örlitla ensku en heilu setningarnar sem börnin skilja eflaust ekkert í er ábótavant. Orðið *permission* sem fram kemur í samtali Dóru og geitarinnar hefur til dæmis að öllum líkindum ekki komist inn í

orðaförða íslenskra barna. Þættirnir gætu því alveg haldið áfram eingöngu á íslensku, börnin þurfa að læra tungumálið og það er ekkert verra að læra ný orð á íslensku en ensku. Það að vera fær í eigin móðurmáli hefur einungis góð áhrif.

Enska er einnig áberandi í þáttunum um Diego. Diego og Alexía eru systkini sem bjarga ýmsum dýrum úr vanda eða hjálpa þeim að komast heim þegar þau tynast. Þau eiga myndavél sem heitir *Click* og þegar dýr er í vanda statt má minnka aðdráttinn svo hægt sé að staðsetja dýrið. Það er gert með því að segja „*zoom*“. Diego er með úr sem Alexía getur hringt í, eins og *Skype*, til dæmis þegar hún hefur einhverjar upplýsingar að færa frá skrifstofunni. Það er ekki alltaf dans á rósum að vera dýrabjörgunarmaður og ýmsar hindranir sem koma upp, en þá er gott að hafa börnin fyrir framan skjáinn svo hægt sé að biðja um þeirra hjálp. Með þáttunum er verið að kenna börnum hvernig dýrin eru, hvar þau lifa og hvað þau borða til dæmis. En líkt og í Dóru er tungumálunum blandað fullmikið saman en þó er meira um það hjá Diego að ensku orðin séu þýdd samstundis. Sem dæmi má nefna að þegar Diego bjargaði gárahöfrungi úr polli segir hann við börnin: „Við þurfum að koma litla höfrungnum aftur út í ána *the river*“. En síðar í samtalinu koma heilar setningar á ensku og engar þýðingar á þeim. Vissulega geta börnin áttað sig á því sem er að gerast en þau ættu samt að fá að skilja hvað persónurnar eru að segja.

Þættirnir um Dóru og Diego eru litríkir og skemmtilegir fyrir börn að horfa á og gætu leikandi verið alíslenskir. Hins vegar er tungumálunum blandað of mikið saman og tungumálakennslan missir því marks. Það hefur ekkert upp á sig að nota ensku sem börnin skilja ekki og fá enga skýringu á. Börnin þurfa að vera í fyrirrúmi þar sem þetta eru þættir fyrir þau.

## **4.2 Enskunotkun á leikskólum**

Guðlaug Jónsdóttir og Svandís Dögg Þrastardóttir vinna á leikskóla, báðar í Kópavoginum en hvor á sínum leikskólanum. Guðlaug er að vinna á deild með börnum sem eru fædd frá árinu 2010 til 2012 en Svandís Dögg er nokkurs konar flakkari og vinnur því með öllum aldurshópum leikskólans. Þær hafa hvor sína reynsluna af enskunotkun barnanna.

Guðlaug (Guðlaug Jónsdóttir, munnleg heimild, apríl 2015) segir það geta farið eftir því í hvernig umhverfi börnin búa hvort þau fái að horfa mikið á *youtube*, hvort þau horfi eingöngu á íslenskt barnaefni og jafnvel hvort foreldrarnir séu tæknivæddir og eigi snjallsíma, spjaldtölvur og þess háttar tæki með forritum sem börnin geta dundað sér í. Börnin taka upp hin ýmsu orð úr Dóru og Diego þáttunum en svo virðist sem þau frændsystkin séu lofuð og dáð af flestum börnum landsins. Þau kunna ekki endilega mörg orðasambönd en einstök orð sem koma upp hér og þar eru síendurtekin. Foreldrar og annað fullorðið fólk sem umgengst börn á þessum leikskóla aldri þurfa að passa sig mikið á því hvað þau segja þegar börnin heyra því þau endurtaka flestallt sem þau heyra, alveg sama hvort þau vita hvað orðin þýða eða ekki.

Svandís (Svandís Dögg Þrastardóttir, munnleg heimild, apríl 2015) segir enskukunnáttuna vera frekar takmarkaða, nema þá hjá örfáum drengjum sem eru settir fyrir framan sjónvarpið eða iPadinn og sitja þar allan daginn; þeir horfa til dæmis mikið á *Cartoon Network*. Þrátt fyrir það er kunnátta þeirra samt sem áður takmörkuð og oft reynist erfitt að skilja almennilega hvað þeir segja. Nokkur börn eru á leikskólanum sem eiga eitt íslenskt foreldri og eitt erlent. Yfirleitt er það pabbinn sem talar ensku og þá tala börnin bæði tungumálin reiprennandi, en tala eingöngu enskuna við erlenda foreldrið. Þetta, eins og flestallt annað á sér þó undantekningar. Einn drengurinn talaði ekki góða íslensku; þegar hann byrjaði í leikskólanum fjögurra ára gamall sagði hann örfá orð á íslensku, annars talaði hann bara ensku. Foreldrarnir hafa ekki verið nægilega duglegir að sjá til þess að hann væri tvítyngdur og kynni bæði tungumál jafnt.

### 4.3 Tvítyngd börn

Það er engin ein skilgreining til á tvítyngi enda spila margir ólíkir þættir inn í, til dæmis búseta og fjölskylduhagir. Ýmist er hægt að ávinna sér tvítyngi, þegar annað tungumálið er lært seinna en hitt, eða vera jafnhliða tvítyngdur, þegar bæði tungumál eru lærd frá fæðingu. Það er auðveldara fyrir barn að læra tvö tungumál samtímis en að læra fyrst eitt og svo annað. Að alast upp við tvö tungumál virðist hafa góð áhrif á börn en það stuðlar að því að þau eru víðsýnni, hafa ríkari málþroska, og hafa meiri sköpunargáfu. Börn nota bara það tungumál sem þarf hverju sinni; ef bæði tungumál eru ekki notuð og þeim ekki haldið við gleymist það tungumál sem minna er notað. Því er mikilvægt að

aðilar sem fá einhverju ráðið um tvítyngi barna hjálpi þeim að viðhalda báðum tungumálum (Ewa Szuba Snorrason, 2011; Margrét Ósk Einarsdóttir, 2007; Freyja Birgisdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, e.d.).

Foreldrar hafa ýmislegt um það að segja hvort börnin verði tvítyngd. Eigi barn foreldra sem tala ekki sama tungumál lærir það yfirleitt bæði tungumálin frá æsku. Það gerist líka þegar foreldrar flytja með barn sitt til annars lands og barnið lærir líka tungumál þess lands, hvort sem það væri annað eða þriðja tungumál. Margir hafa sagt að börn sem hafa einungis eitt móðurmál nái fljótt að tileinka sér það tungumál en tvítyngd börn þurfi lengri tíma þar sem um tvö tungumál er að ræða. Sökum þess hve fljótt tvítyngd börn virðast ná tökum á báðum tungumálum getur kunnáttan talist ofmetin. Kennarar eiga það því til að líta fram hjá þeirra þörfum þegar kemur að tungumálakunnáttu. Það er vissulega gott fyrir börn að vera tvítyngd en ennþá betra ef þau læra ensku frá æsku og hafa þannig mjög gott vald á henni, enska er töluð svo víða að það getur ekki annað en haft góð áhrif til framtíðarinnar lítið að hafa gott vald á henni (Ewa Szuba Snorrason, 2011; Margrét Ósk Einarsdóttir, 2007; Freyja Birgisdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, e.d.).

Svandís (Svandís Dögg Þrastardóttir, munnleg heimild, apríl 2015) hefur tekið eftir því að þau börn sem tala bæði íslensku og ensku tala íslenskuna mun skýrar en hin börnin. Sem dæmi má nefna tveggja ára dreng sem talar mun skýrar en mörg fjögurra ára börn en hann á einmitt enskumælandi þabba. Drengurinn á tvö fimm ára systkini, tvíburu, sem eru einnig á leikskólanum og þau tala bæði tungumálin mjög skýrt, og eru með mjög góðan orðaforða. Merkilegast er að ekkert af þessum börnum, nema þessi eini sem talaði varla íslensku, blanda saman íslenskunni og enskunni og þau nota enskuna aldrei í leikskólanum. Ef þau eru spurð hvernig maður segir eitthvað á ensku segjast þau ekki vita það.

Dóra landkönnuður er tvítyngd en hún blandar saman tungumálum í tíma og ótíma en það gera þessi börn ekki. Þau tala íslensku í leikskólanum því þar er töluð íslenska og þau tala ensku við það foreldri sem er erlent en íslensku við hitt.

Árný Ösp Daðadóttir (Árný Ösp Daðadóttir, munnleg heimild, apríl 2015) er gift írskum manni og þau eiga íbúð á Akureyri. Saman eiga þau tvær dætur fæddar 2009 og 2012. Þabbinn talar yfirleitt bara ensku. Hann skilur þó mun meira í íslensku en hann treystir sér til að tala. Stelpurnar tala ensku við þabba sinn og hans fjölskyldu og þær tala mjög

skýra og góða ensku. Þrátt fyrir að tala bæði ensku og íslensku reiprennandi blanda þær tungumálunum yfirleitt ekki saman; þær spyrja frekar að því hvernig þær eigi að segja hlutina. Þær geta skipt á milli tungumálanna eins og ekkert sé sjálfsagðara þegar þær tala við mömmu sína og pabba til skiptis; líkt og um eitt tungumál sé að ræða.

Árnýju finnst það afskaplega eðlilegt að dætur hennar tali fleiri en eitt tungumál og myndi ekki vilja hafa þetta neitt öðruvísi. Henni finnst hún sjálf læra mikið á því að ala upp tvítyngd börn og oft vakna fróðlegar spurningar hjá stelpunum um Írland og þeirra menningu þar sem þær eru auðvitað hálfir Írar.

#### 4.4. Frá foreldraugum

Guðlaug Jónsdóttir (Guðlaug Jónsdóttir, munnleg heimild, apríl 2015) á tvær stelpur; sú eldri er fædd í október 2012 og sú yngri í október 2014. Eldri dóttir hennar horfir mikið á Dóru og Diego og tekur upp ýmis orð þaðan eins og; *Good morning, How are you?, Delicious, Mommy, Okay* og *I love you*. Enn sem komið er eru orðin ekki mikið fleiri en börn á þessum aldri hafa ekki enn náð valdi á íslenskunni þegar farið er að þröngva öðru tungumáli upp á þau. Þrátt fyrir að Dóra og Diego eigi að hafa lærdómsgildi er spurning hvort börn ættu að vera að horfa svona mikið á þessa þætti svona ung, á meðan þau eru enn að læra að gera sig skiljanleg á móðurmálinu. Guðlaug á iPad sem hún leyfir eldri stelpunni að leika sér í; hún er bæði með forrit sem eru sérstaklega gerð fyrir börn og svo opnar hún oft Youtube fyrir hana þar sem stelpa getur skoðað ýmislegt sjálf, en þar er allt efni á ensku eða öðru erlendu tungumáli. Hún skilur ekki myndböndin á Youtube og tekur ekki upp orð þaðan. Dóra hins vegar biður um ákveðin orð og biður börnin að endurtaka eða segja hærra; stelpa tekur þátt og endurtekur síðan orðin sem hún lærir í sínu daglega lífi.

Þórunn Helga Helgadóttir (Þórunn Helga Helgadóttir, munnleg heimild, apríl 2015) á þrjú börn; strákur sem var að fermast, stelpu sem er fædd í október 2011 og strákur sem er fæddur í nóvember 2013. Það getur verið þónokkuð strembið að eiga bæði unglings og lítil börn þegar kemur að enskunotkun þar sem munurinn er mikill. Eldri strákurinn notar blótsyrði eins og *Fokk* og *shit* sem systir hans apar upp eftir honum og endurtekur í sífellu því hún veit í raun ekkert hvað þetta þýðir. Þórunn reynir að fá unglingsinn til að minnka blótsyrðin í kringum litlu systkini sín til þess að þau fari ekki að apa allt upp

eftir honum. Hann notar tölvuna ekki mikið nema í heimavinnu fyrir skólann, en hann á snjallsíma og er aðallega á netinu í símanum. Þar hefur hann aðgang að Snapchat, Facebook, Instagram og Twitter til dæmis og enskukunnáttan eykst hratt. Hann á það þó til að nota orð sem eru ekki aðeins torskilin þeim sem eru í kringum hann heldur virðist hann ekki sjálfur skilja meininguna á bak við mörg þeirra. Hann, eins of flestir unglingar, er límdur við snjallsímamann flestum stundum og getur ekki án hans verið.

#### **4.5. Eru erlend áhrif alfarið slæm?**

Erlendu áhrifin í samfélaginu eru mjög mikil en þrátt fyrir það geta þau ekki verið alfarið slæm. Enska er það tungumál sem er mest talað í heiminum og því þykir mikilvægt að hafa ágætis vald á henni. Hingað til lands kemur fjöldinn allur af erlendum ferðamönnum og margt erlent fólk sest hér að í leit að betri kjörum. Ef íslenska þjóðin kynni enga ensku væru samskipti við fólk utan landsteinanna mun erfiðari en þau eru í dag. Margir finna sér maka af öðru þjóðerni en samskiptin yrðu afskaplega erfið ef enskan væri ekki til staðar. Það eitt að kunna ensku getur auðveldað mörgum lífið til muna.

Áhrif tæknivæðingarinnar og ensk áhrif tengjast á vissan hátt enda er stór hluti enskra tökuorða ættaður úr tæknimáli. Nú er orðið auðveldara að ná sambandi við umheiminn og skoða hvað er að gerast víðs vegar um heiminn en fréttir utan úr heimi eru ekki allar íslenskaðar. Það eru bæði kostir og gallar við upplýsingatæknina. Kostirnir eru að hún hefur aukið enskukunnáttu okkar til muna og auðveldað tengsl milli fjarlæggra staða en að er hins vegar stór galli að fólk skuli varla geta litið upp úr snjallsímunum sínum eða liggi fast uppi í sófa yfir hinum ýmsu þáttum eða kvikmyndum. Að horfa á sjónvarpið í frítíma er eitt en að skipuleggja daginn í kringum sjónvarpsdagskrána eða það efni sem kemur á netið þann daginn er allt annað, það hefur þó minnkað til muna eftir að hægt er að horfa á þættina á netinu (Stöð 2 vild) eða á *VODinu*.

## 5. Að varðveita tungumálið

Í gegnum tíðina, allt frá upphafi þegar landið var numið, hafa landsmenn verið ákaflega duglegir við það að varðveita söguna og tunguna. Áður en ritöld hófst geymdust „heimildir“ eingöngu í talmálinu; sagnahefðin sem gekk manna á milli hélt hinum ýmsu þjóðsögum á lífi. Þegar ritöld hófst, á síðari hluta 12. aldar, gátu menn farið að skrá niður sögurnar og skilja eftir sig eigin lífságríp og ýmis verk sem þeir höfðu unnið, sögur um ástandið á þeim tíma og alls konar ljóð og kvæði. Landið okkar er alls ekki svo stórt og því getur verið að það spili inn í það hversu miklar heimildir við eigum um forfeður okkar (Guðrún Kvaran, 1996).

Ísland var numið á 9. öld en flestir landnámsmenn voru af norskum uppruna og einmitt sökum þess var í raun sama tungumálið talað hér á Íslandi og í Noregi fyrstu aldirnar eftir landnám. Munurinn jókst mikið í kringum 13. og 14. öld en það var þá sem íslenskan fór að verða sjálfstætt tungumál (Guðrún Kvaran, 1996). Beygingarkerfið breyttist mismikið, sums staðar urðu smávægilegar breytingar á meðan annars staðar í kerfinu breyttust heilu flokkarnir. Orðaforðinn jókst mikið við kristnitöku en þá þurfti að bæta við ýmsum nýjum orðum og sum orðin voru fengin að láni úr öðrum tungumálum. Strax á meðan íslenskan var enn að þróast var farið að bera á erlendum áhrifum en þau hafa alltaf verið mjög sterk (Guðrún Kvaran, 1996).

Íslendingar eru almennt duglegir við að búa til íslensk orð í stað þess að nota erlendu heitin ólíkt Dönum sem tóku orðið „*computer*“ beint upp úr enskunni. Íslendingar bjuggu til orðið „*tölva*“. Orðinu var fyrst varpað fram um það leyti sem fyrsta tölvan var tekin í notkun en orðið er myndað af nafnorðinu *tala* með u-hljóðvarpi líkt og *völva* kemur af *vala* (Sigrún Helgadóttir, 1993). Þessar nýyrðasmíðar gætu verið ein ástæða fyrir því hversu hrein íslenskan er. Fyrir ekki svo löngu var búinn til leikur þar sem fólk gat sett inn hugmynd að íslensku orði í staðinn fyrir erlenda heitið „*Takeaway*“. Ýmsar hugmyndir komu fram enda til mikils að vinna en sigurvegarinn fékk gefins glænýjan *iPhone 6*. Sú þýðing sem vann var *útréttur*, en það eru svona framlög sem fá fólk til að hugsa sig um og hjálpa til við að búa til íslensk orð (Morgunblaðið, 2014).

Erlendu fólki þykir íslenskan vera erfitt tungumál að læra en svo virðist sem sífellt fleiri Íslendingar eigi í erfiðleikum með eigið tungumál. Sem þykir undarlegt ef miðað er við að okkar eigin móðurmál er eitthvað sem við lærum frá blautu barnsbeini. Margir



Íslendingar eiga í stökustu vandræðum með að tala íslensku. Íslenskan deyr kannski ekki út en hún gæti þróast það langt frá því sem nú er að við myndum jafnvel eiga í erfiðleikum með að lesa bókmenntirnar okkar.

Algengast er að tölvuhugbúnaður og ýmis forrit séu stillt á ensku en Íslendingar ættu auðvitað að . Til eru hin ýmsu forrit á íslensku sem ætti að nota í meira mæli. Sem dæmi má nefna háskólanema sem flestir eru með Microsoft Office pakkann á ensku þrátt fyrir að hann sé fáanlegur á íslensku. Sem íslensk þjóð ættum við að vilja nota tungumálið okkar eins mikið og hægt er, hvar sem er. Það er mjög mikil vinna að íslenska allt, alls staðar, en hægt væri að leggja áherslu á þætti sem koma að daglegu lífi og starfi fólks. Hann segir framtíðina velta á íslenskum almenningi; ef þjóðin vill halda í íslenskuna þá gerir hún það en þarf að gera það heils hugar. Flestir þekkja það að hlutir gerðir með hálfum hug koma ekki mjög vel út (Eiríkur Rögnvaldsson, 2009; Eiríkur Rögnvaldsson, e.d. a; Eiríkur Rögnvaldsson, e.d. b).

## 5.1. RÚV sinnir íslensku máli

RÚV hefur verið framarlega í flokki þegar kemur að því að viðhalda íslenskunni. Sjónvarpsdagskráin þeirra er til fyrirmyndar en þar eru íslenskuð heiti allra dagskrárliða sem hægt er að íslenska. Oft tekst vel til og stundum eru þýðingarnar jafnvel myndar; það virðist virka því fólk tekur eftir því og deilir gleðinni með fólkinu í kringum sig. *Die Hard* myndirnar hafa verið þýddar sem *Á tæpastu vaði*, *Inglorious bastards* var þýtt sem *Svívirðileg skítseyði* og *Look Who 's Talking* var þýtt sem *Pottormur í pabbaleit* svo einhver dæmi séu nefnd. Stofnuð hefur verið Facebook síða sérstaklega fyrir RÚV þýðingar þar sem ýmist eru titlar dagskrárliða eða skemmtilegar lýsingar á umfjöllunarefni. Skjár1 reyndi á tímabili að þýða sína titla en þá var *CSI: Criminal intent* þýtt sem *CSI: Glæpamaður í tjaldi*. Mikið var hlegið að þeirri þýðingu enda nota þeir erlendu heitin í dag.

RÚV leggur ekki eingöngu metnað í sjónvarpsdagskrána heldur hafa útvarpsþættir á borð við *Orð skulu standa*, *Orð af orði*, *Daglegt mál* og *Íslenskt mál* fengið mikil lof. Orð af orði er útvarpað á sunnudögum. Samkvæmt því sem netið hefur að segja virðist fólk sjá mest eftir þættinum *Orð skulu standa* en hann var tekinn af dagskrá haustið

2010 í sparnaðarskyni. Karl Th. Birgisson var stjórnandi þáttanna en með honum voru þau Guðmundur Steingrímsson og Sólveig Arnarsdóttir. Þátturinn var settur upp sem sýning og sýndur í Þjóðleikhúskjallaranum leikárið 2011-2012. Ummælin inni á síðu Þjóðleikhússins voru öll jákvæð og allir sem höfðu gaman að sýningunni. Stefán Karl Stefánsson sagði „Enginn ætti að láta þetta skemmtilega fimmtudagskvöld framhjá sér fara“ og Bogi Ágústsson sagði „Skemmti mér konunglega á „Orð skulu standa“ sem Karl Th. Birgisson flutti í Þjóðleikhúskjallarann þegar RÚV hafði ekki lengur efni á þessum frábæra þætti. Mæli með sýningunni við alla áhugamenn um íslensku, bómenntir og húnor“ (Karl Th. Birgisson, 2011-2012; Vísir, 2010).

Ef fólk yrði beðið að mynda sér skoðun á því hvort tungumálið okkar myndi deyja út eða ekki gætu komið áhugaverð svör. Ekki væri hægt að skipta fólki upp í tvo hópa enda skipa sér ekki allir með eða á móti. RÚV hefur sýnt að það stendur með íslensku tungunni og vill halda henni á lífi. Margir þættir þeirra sýna það. Einn þeirra er Orðbragð en þau sem standa á bakvið þá þætti hafa mikinn áhuga á tungumálinu og leggja mikið upp úr að því sé haldið við.

Orðbragðsþættirnir eru í umsjón Brynju Þorgeirsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar en Konráð Pálmason leikstýrir þáttunum og framleiðir þá. Bæði Bragi og Brynja ólust upp á „afskekktum“ stöðum þar sem lítið annað var að gera en að glugga í bækur og velta fyrir sér orðum. Þau hafa bæði brennandi áhuga á tungumálinu og Bragi fór til að mynda í háskólanám í íslensku (Vísir, maí 2013; Fréttatíminn, nóvember 2013).

Þættirnir hófu göngu sína í lok nóvember 2013 en þeir eru lauslega byggðir á norsku þáttunum *Typisk norsk* sem eiga sína fyrirmynd í sænsku þáttaröðina *Värsta språket*. Hugmyndin spratt upp eftir að Brynja hafði horft á norsku þættina, en hún fullyrðir að íslensku þættirnir séu alls ekki afrit af þeim norsku. Tilgangur þáttanna er meðal annars að skemmta landsmönnum, að sýna þeim hversu lifandi íslenskan er og hversu mikið hægt er að fíflast og leika sér með málið. Innihald þáttanna er sett fram á áhugaverðan og skemmtilegan hátt þannig að sem flestir hafi áhuga á að fylgjast með gangi mála, en þetta er sniðug leið til að vekja áhuga unga fólksins og blása lífi í tungumálið (Vísir, maí 2013; Fréttatíminn, nóvember 2013; Gunnar Dofri Ólafsson, 2014).

Samkvæmt Braga eru áhyggjur af því hvar tungumálið stendur og hvort það muni koma til með að standa af sér veður og vind sem herjar á það, og mun gera áfram, óþarfar því íslenskan hafi hingað til spjarað sig ágætlega. Í hundruð ára hafa þessar áhyggjur alltaf verið til staðar og eru orðnar rótgrónar, líkt og við þurfum alltaf að vera meðvituð um það að ef við pössum okkur ekki gæti íslenskan horfið (Fréttatíminn, nóvember 2013).

Eiríkur Rögnvaldsson greinahöfundur er ekki alveg á sama máli og Bragi Valdimar. Hann kallar íslenska málstefnu skipulagslausa íhaldssemi. Það má þó ekki taka það úr samhengi hjá honum og misskilja hvað hann á við. Hann notar orðið „skipulagslaus“ því honum finnst það tilviljanakennt hvaða málbreytingar eru bannfærðar og hverjar eru viðurkenndar, telur skipulagsleysið sé málstefnunni skaðlegt. Hann segir Höskuld Þráinsson ganga skrefinu lengra því hann telji opinbera málstefnu ekki vera til í landinu. Þegar Eiríkur stjórnaði þáttunum Daglegt mál talaði hann um að betra væri að dæma málfar fólks sem gott og vont, frekar en rétt og rangt. Hann er mjög gagnrýninn á íslenska nýyrðasmíði en honum finnst hún ekki nægilega góð; orðin verða of löng og ná ekki að heilla almenning (Eiríkur Rögnvaldsson, 2009; Eiríkur Rögnvaldsson A, e.d.; Eiríkur Rögnvaldsson B, e.d.).

## 6. Niðurstöður

Íslenska tungan er stórmerkileg og hún einkennir okkur sem þjóð; ef við töpuðum baráttunni við erlendu áhrifin og tækjum upp ensku yrðum við bara enn ein þjóðin sem talar ensku og myndum þar með tapa ákveðnum sérkennum okkar.

Íslendingar hafa alla tíð verið duglegir í að viðhalda tungumálinu; til að mynda með því að búa til íslensk orð eins og sími, tölva, stuttermabolur og smáforrit, í stað þess að nota erlend orð. Margir Íslendingar reyna eins og þeir geta að gera tungumálið áhugavert og íslenska sem flest orð en í þeim efnum er það virkilega góð hugmynd að gera keppni úr því hver finnur besta íslenska orðið. Við þurfum hins vegar að vera raunsæ og átta okkur á því að við getum ekki endalaust þýtt öll þau orð sem komast inn í tungumálið. RÚV hefur sýnt að íslenska tungan skipti það máli og vill viðhalda henni eins og hægt er. Þeir þýða alla þá dagskrárliði sem hægt er að þýða á meðan Stöð 2 og Skjár1 til dæmis nota ensku heitin. Í þáttunum Orðbragð var tungumálið sett fram á skemmtilegan hátt, hvernig á ekki að nota íslenskuna, umræða um ákveðin orð sem þykja ljót eða asnaleg og alltaf var stutt í grínið.

Þeir sem fara inn í fjölmiðlaheiminn mættu alveg leggja meira á sig í að læra íslenskuna og hjálpa til við að viðhalda henni en það eru þeir sem eiga að vera með þeim færustu í henni og geta miðlað til okkar því sem gerist í kringum okkur, í öllum heiminum, en það þýðir lítið ef innihald fréttarinnar skilst ekki. Málfar skiptir gríðarlega miklu máli í fjölmiðlum. Sé grein eða frétt illa uppsett og setningar undarlegar skilar umfjöllunarefnið sér ekki til almennings; það eina sem fólk nær úr fréttinni eru villurnar og vankunnáttan.

Börn og unglingar verða fyrir mestu áhrifunum en börn í dag horfa mikið á Dóru og Diego en þar er ensku og íslensku blandað saman í tíma og ótíma og börnin hafa oft ekki hugmynd um hvað er verið að segja, þannig missa þættirnir marks. Upphaflega hugmyndin á bakvið þættina var auðvitað sú að Bandaríkjamenn fengju jákvæðari mynd af rómversk-amerísku fólki í sjónvarp; Dóra er því tvítyngd. Ólíkt Dóru blanda þau tvítyngdu börn sem nefnd voru hér að framan hins vega ekki tungumálunum saman; það veltur á umhverfinu hvort tungumálið þau nota.

Unglingar liggja flestir límdir við snjallsímana sína; það þurfa allir að vita hvað viðkomandi er að gera um leið og það gerist. Snapchat er þar mjög framarlega í flokki, sérstaklega með tilkomu *My Story*. Flest þessara ungmenna hafa einnig aðgang að Twitter, Instagram og Facebook og fjöldi fylgjenda eða vina skiptir þau oft miklu máli, miðað við þau ungenni sem ég hef komist í kynni við allavega. Þau metast um fjöldann og tengja þetta við vinsældir.

Áhyggjur af erlendum áhrifum og því hvort íslenskan muni lifa af hafa verið viðloðandi mikið lengur en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Íslenskan þróaðist útfrá norrænu en upp úr einokuninni var farið að bera á dönskum áhrifum í landinu, enskan tók síðan við í seinni heimsstyrjöldinni. Í gegnum tíðina hafa því fleiri en eitt tungumál haft einhver áhrif á íslensku en hingað til hefur hún staðið það allt af sér. Ef vilji er fyrir að viðhalda tungumálinu verða landsmenn að leggjast á eitt og gera það af heilum hug. Tungumálið ætti að skipta alla landsmenn máli og því sjálfsagt að leggja sitt af mörkum í að viðhalda því. Til að byrja með væri hægt að stilla það sem hægt er að stilla á íslensku, til dæmis Facebook, snjallsímann og Microsoft Office pakkann. Þannig minnkar enskan í daglegu lífi töluvert og fólk þar með líklegra til að nota íslensku heitin fram yfir þau ensku. Það væri aldrei hægt að fjarlægja ensku áhrifin úr talmáli á einum degi, en það væri hægt að vinna í áttina að því að minnka þau þannig þau komi ekki jafn oft fyrir.

## Heimildaskrá

- Anna Sigríður Þráinsdóttir (2015). *Orðaforði íslenskra barna*. Sótt 2. maí 2015 af <http://www.ruv.is/node/893596>
- Blaðamannafélag Íslands (2009, ágúst). *Málfar nýliða í fjölmiðlum áhyggjuefni*. Sótt 30. september 2014 af [http://www.press.is/index.php/felagidh/frettir/2554-malfar\\_nylida\\_i\\_fjolmidlum\\_ahyggjuefni](http://www.press.is/index.php/felagidh/frettir/2554-malfar_nylida_i_fjolmidlum_ahyggjuefni)
- Eiður Guðnason (2002, febrúar). *Málfar*. Sótt 2. október 2014 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/651334/>
- Eiríkur Rögnvaldsson (2009). *Máltækni og málstefna*. Sótt 2. maí 2015 af <https://notendur.hi.is/eirikur/malmal.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson (e.d. a). *Íslensk málstefna, þjóðfélagsbreytingar og stéttaskipting*. Sótt 2. maí 2015 af <https://notendur.hi.is/eirikur/mal-thjv.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson (e.d. b). *Málstefnan í nútíð og framtíð*. Sótt 2. maí 2015 af <https://notendur.hi.is/eirikur/malstefn.pdf>
- Ewa Szuba Snorrason (2011). *Að vera tvítyngdur*. Sótt 25. apríl 2015 af [http://skemman.is/en/stream/get/1946/9546/21216/3/A%C3%B0\\_vera\\_tv%C3%ADtyngdur\\$003b\\_Hvernig\\_er\\_unni%C3%B0\\_me%C3%B0\\_tv%C3%ADtyngd\\_b%C3%B6rn\\_%C3%AD\\_leiksk%C3%B3la.pdf](http://skemman.is/en/stream/get/1946/9546/21216/3/A%C3%B0_vera_tv%C3%ADtyngdur$003b_Hvernig_er_unni%C3%B0_me%C3%B0_tv%C3%ADtyngd_b%C3%B6rn_%C3%AD_leiksk%C3%B3la.pdf)
- Freyja Birgisdóttir og Sigríður Ólafsdóttir (e.d.). *Tvítyngi og læsi*. Sótt 2. maí 2015 af <http://lesvefurinn.hi.is/node/147>
- Fréttatíminn (2013, nóvember). *Ástríðufullt orðbragð og fíflangur*. Sótt 10. desember 2014 af [http://www.frettatiminn.is/daegurm/astridufullt\\_ordbragd\\_og\\_fiflangur/](http://www.frettatiminn.is/daegurm/astridufullt_ordbragd_og_fiflangur/)
- Frida Elisabeth Jørgensen (2009). *Tvítyngd börn*. Sótt 27. apríl 2015 af [http://skemman.is/stream/get/1946/3755/7343/1/rn\\_fixed.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/3755/7343/1/rn_fixed.pdf)

- Frosti Jónsson (2012). *Næstum allir á Facebook og alltaf að Gúggla*. Sótt 27. nóvember 2014 af <http://www.birtingahusid.is/component/content/article/50-greinar/205-naestum-allir-ad-facebook-og-alltaf-ad-guggla>
- Guðrún Kvaran (1996). Þættir úr sögu orðaforðans. *Erindi um íslenskt mál* (bls. 35-48). Reykjavík: Íslenska málfraeðifélagið.
- Guðrún Kvaran (2001, júní). *Hvaða tungumál er mest talað í heiminum í dag?* Sótt 14. desember 2014 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1726>
- Guðrún Kvaran (2002, nóvember). *Hver er munurinn á slettum, slangri og tökuorðum?* Sótt 30. september 2014 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2877>
- Guðrún Kvaran (2004, ágúst). *Hvað er slangur gamalt fyrirbrigði?* Sótt 15. nóvember 2014 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=4464>
- Gunnar Dofri Ólafsson (2014). *Orðbragð aftur á skjáinn næsta vetur*. Sótt 10. desember 2014 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/02/05/ordbragd\\_aftur\\_a\\_skjainn\\_naesta\\_vetur/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/02/05/ordbragd_aftur_a_skjainn_naesta_vetur/)
- Karl Th. Birgisson (2011-2012). *Orð skulu standa*. Sótt 30. apríl 2015 af <http://www.leikhusid.is/Syningar/Leikarid-2011-2012/syning/1169/ord-skulu-standa>
- Landpósturinn (2007a, nóvember). *Íslenskt málfar og fjölmiðlar*. Sótt 5. desember 2014 af [http://www.landpostur.is/is/frettir/islenskt\\_malfar\\_og\\_fjolmidlar](http://www.landpostur.is/is/frettir/islenskt_malfar_og_fjolmidlar)
- Landpósturinn (2007b, nóvember). *Íslenskt málfar í fjölmiðlum*. Sótt 10. október 2014 af [http://www.landpostur.is/is/frettir/islenskt\\_malfar\\_i\\_fjolmidlum](http://www.landpostur.is/is/frettir/islenskt_malfar_i_fjolmidlum)
- Maia McCann (2014). *Restaurant Watches Old Surveillance And Shares Shocking Results on Craigslist*. Sótt 20. apríl 2015 af <http://distractify.com/maia-star-mccann/craigslist-surveillance-restaurant/>
- Margrét Ósk Einarsdóttir (2007). *Tvítyngd börn og fjölmennningarleg kennsla*. Sótt 27. apríl 2015 af

[http://skemman.is/stream/get/1946/633/2398/1/Tv%C3%ADtyngd\\_b%C3%B6rn\\_fj%C3%B6lmenningarleg\\_kennsla.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/633/2398/1/Tv%C3%ADtyngd_b%C3%B6rn_fj%C3%B6lmenningarleg_kennsla.pdf)

Morgunblaðið (2014, október). *Útrettur hið nýja „takeaway“*. Sótt 11. desember 2014 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/10/11/utrettur\\_hid\\_nyja\\_takeaway/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/10/11/utrettur_hid_nyja_takeaway/)

Morgunblaðið (2014, nóvember). *27 þúsund innflytjendur á Íslandi*. Sótt 14. apríl 2015 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/11/06/27\\_thusund\\_innflytjendur\\_a\\_islandi\\_2/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/11/06/27_thusund_innflytjendur_a_islandi_2/)

Schouls, Peter (2008). *Locke, John (1632-1704)*. Sótt 24. apríl 2015 af <http://www.faqs.org/childhood/Ke-Me/Locke-John-1632-1704.html>

Soto, Roxana A (2009). *Your Story: How Dora the Explorer was born*. Sótt 22. apríl 2015 af <http://spanglishbaby.com/2009/10/your-story-how-dora-the-explorer-was-born/>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (e.d.). *Erlend áhrif*. Sótt 14. desember 2014 af <http://www.arnastofnun.is/page/erlendahrif>

Stöð 2 (2012). *Týnda Kynslóðin – Gunnar Nelson, skammstafanir og fleira*. Sótt 20. apríl 2015 af <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP10754>

Tatjana Latinovic (2004). *Hvaða áhrif hafa innflytjendur á íslenskt mál?*. Sótt 5. apríl 2015 af <http://www.arnastofnun.is/solofile/1011121>

Urban Dictionary (2013, mars). *Fomophobia*. Sótt 9. apríl 2015 af <http://www.urbandictionary.com/define.php?term=Fomophobia>

Vísir (2010). *Þátturinn Orð skulu standa tekinn af dagskrá í sparnadarskyni*. Sótt 30. apríl 2015 af <http://www.visir.is/thatturinn-ord-skulu-standa-tekinn-af-dagskra-i-sparnadarskyni/article/2010440753767>

Vísir (2013, maí). *Hressir þættir um íslenskt mál*. Sótt 10. desember 2014 af <http://www.visir.is/hressir-thaettir-um-islenskt-mal/article/2013705259989>



Þorsteinn Vilhjálmsson (2006). *Hver bjó til tungumálið íslensku?* Vísindavefurinn. Sótt  
10. október 2014 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5923>